



29. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

mánudagur 15. ágúst 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson *formaður* (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Jón Bender (JB), Herbert Arnarson (HSA), Lárus Blöndal (LB) og Einar Karl Birgisson (EKB)

Snorri Örn Arnaldsson (SÖA) kom inn á fundinn undir lið númer 2.

Forföll boðuðu: Erlingur Hannesson (EH) og Guðrún Kristmundsdóttir (GK)

HSJ ritaði fundargerð

1. Fundargerðir síðustu funda.

Frestað til næsta fundar.

Rætt um vilja til að koma fundargerðum á kki.is til upplýsinga fyrir félögin.

2. Mótamál og komandi tímabil

SÖA mótastjóri kom inná fundinn og fór yfir stöðuna fyrir komandi tímabil. Mikil vinna lögð í undirbúning fyrir keppnistímabilið

Það verða rumlega 5200 leikir á tímabilinu, um 500 leikir bætast við með nýju flokkunum sem bætt var við móthaldið eftir vija félaganna í vor. Rætt um áhyggjur að því að manna dómgæslu með fjölgun verkefna.

3. Fjármál

6 mánaða uppgjör kynnt og farið yfir af GH. Ákveðið að auka fjárframlag til félaganna í Subway deildunum, félögin munu fá greitt þegar þau hafa uppfyllt það sem þau þurfa að gera. HSJ falið að senda út upplýsingar til félaganna.

4. Reglugerð um aðgönguskírteini

Farið yfir tillögu að nýrri reglugerð er varðar aðgönguskírteini, HSJ falið að vinna málið áfram og koma með tillögu á næsta fund stjórnar.

5. Formanna-og unglingaráðsfundur 3. sept nk.

Ákveðið að leggja áherslu á allt sem snýr að mótamálum, þjálfaramenntun og afreksmálum en nauðsynlegt er fyrir fulltrúa félaganna sem eru í mestum samskiptum við KKÍ að þekkja þessi mál vel.

6. Afreks-og landsliðamál

Frábært landsliðssumar að baki og stefnir í einn besta árangur yngri landsliða frá upphafi en U16 liðin bæði eru að keppa a EM þessa daganna en U18 og U20 hafa klárað sín mót. Kvinnalandsliðið keppti tvo vináttulandsleiki í Finnlandi í byrjun ágúst, báðir leikir töpuðust en margt jákvætt hægt að taka út úr þessum leikjum. Í lok ágúst verða tveir

leikir hjá karlaliðinu í undankeppni HM, spilað við Spán í Pamplona og hér heima við Úkraníu.

Rætt um reglur FIBA í öllum þessum keppnum og miklar kröfur þeirra sem tekur mikinn tíma að vinna að.

7. Önnur mál

Rædd um starfsmannamál og starfsemi skrifstofunnar, enn eitt sumarið þar sem erfitt er að láta sumarfrí starfsmanna ganga upp þar sem mikið er um að vera. Verður að ræða betur þegar líður að hausti eins og ákveðið var á stjórnarfundum 7. júní sl.

Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 5. september.